

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar og golfvallar í landi Haukadals III.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir um 2.900 m² byggingarreit undir allt að 400 m² þjónustuhús ásamt bílastæðum fyrir golfvöllinn sem er á svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. nóvember 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. janúar 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2013